



Reykjavík 24. apríl 2020

Efni: Tilslakanir á takmörkunum 4. maí – fjöldatakmörkun

Tilslökunin tekur gildi 4. maí 2020 gildir til 1.júní, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til 1. júní 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 50 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 50 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mötuneytum.

Með rými er hér átt við það svæði sem starfsmenn þurfa að nota og ganga um við störf, þ.e. ekki mega fleiri en 50 ganga um sömu salerni, sömu fundaraðstöðu eða kaffistofu. Mögulega er hægt að nota „stundatöflu“ til að skipta í hópa vegna fundaraðstöðu eða kaffistofu ef ekki er hægt að skipta stærri vinnustaði í aðskilin rými, en þá þarf að þrifa/sóttthreinsa á milli hópa. Færast aðilar ekki milli rýma og hafa aðgengi að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu þá ætti að vera hægt að opna skrifstofur sveitarfélaganna miðað við 50 manns í hverju rými og 2 metra regluna.

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 er enni í gildi og því mikilvægt er að hafa í huga almennar sóttvarnarráðstafnir er enn í gildi.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Að á vinnustöðum og í allri starfsemi sé tryggt að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki deila heimili.
- Þrifa skal vinnustaði eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti.
- Aðgangur að sóttthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna